

Breytingartillögur – Reglur um Íslandsmeistaramót

1) Breyting á 1. gr. – Skipting Íslandsmeistaramóta

Gildandi ákvæði (samantekt):

Íslandsmeistaramót í karate er skilgreint sem fimmskipt: kata og kumite fullorðinna, kata og kumite unglunga, og kata barna.

Breytingartillaga:

Lagt er til að bætt verði við keppni í kumite barna við Íslandsmeistaramót.

Tillaga að nýju orðalagi (1. gr.):

1. gr. Íslandsmeistaramót í karate skal vera sexskipt: kata og kumite fullorðinna, kata og kumite unglunga og kata og kumite barna.

Stuttur rökstuðningur:

Flest aðildarfélög KAÍ bjóða upp á kumitekennslu fyrir börn yngri en 12 ára og bjóða samanburðarlönd okkar á Norðurlöndunum nú þegar upp á keppni í kumite frá 7 ára aldri. Til þess að eiga möguleika á að ná markmiðum afreksstefnu KAÍ þurfa börn að öðlast reynslu í keppni fyrr, þar sem að þátttaka á heimsbikarmótum er leyfð frá 12 ára aldri.

2) Breyting á 2. gr. – Tímasetning og framkvæmd Íslandsmóta

Gildandi ákvæði (samantekt):

Í dag er mótunum dreift á fleiri helgar (fullorðinsmót að vori, kata unglunga/barna í apríl/maí og kumite unglunga á hausti) með heimild til frávika.

Breytingartillaga:

Lagt er til að Íslandsmeistaramótin fari fram sömu helgi. Að öðrum kosti er lagt til að Íslandsmeistaramót í kumite fari öll fram á einni helgi sem og Íslandsmeistaramót í kata.

Tillaga að nýju orðalagi (2. gr.):

2. gr. Íslandsmeistaramót samkvæmt 1. gr. skulu að jafnaði fara fram sömu helgi.

Stuttur rökstuðningur:

Með þessu móti er hægt að fækka helgum þar sem finna þarf dómara til þátttöku en undanfarin ár hefur reynst erfitt að manna mót svo þau geti farið fram. Auk þess er hægt að skapa meiri áhuga og aðsókn með því að sameina mótin þvert á aldurshópa.

3) Breyting á 10. gr. – Liðakeppni á Íslandsmeistaramóti unglunga í kumite

Gildandi ákvæði (samantekt):

Í 10. gr. er talin upp greinaskrá fyrir fullorðna (þar er liðakeppni tilgreind) og fyrir unglunga í kumite (þyngdarflokkar), sem og hópkata í öllum aldursflokkum. Liðakeppni unglunga í kumite er ekki tilgreind.

Breytingartillaga:

Lagt er til að liðakeppni unglunga verði bætt við Íslandsmeistaramót unglunga.

Tillaga að nýju orðalagi (viðbót í 10. gr., undir „Á Íslandsmeistaramóti unglinga í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:“):

Bætt verði við nýjum greinum í upptalningu:

- *Liðakeppni í kumite stúlkna 14-15 ára (3ja manna sveitir).
- *Liðakeppni í kumite pilta 14-15 ára (3ja manna sveitir).
- *Liðakeppni í kumite stúlkna 16-17 ára (3ja manna sveitir).
- *Liðakeppni í kumite pilta 16-17 ára (3ja manna sveitir).
- *Liðakeppni í kumite blönduð sveit 14-15 ára (2 piltar og 1 stúlka).
- *Liðakeppni í kumite blönduð sveit 16-17 ára (2 piltar og 1 stúlka).

Stuttur rökstuðningur:

Liðakeppni unglinga hefur verið bætt við keppni á Norðurlandameistaramótum. Gott væri að keppendur öðluðust reynslu í liðakeppni sem liður að undirbúningi fyrir alþjóðlega keppni við jafnaldra. Þetta fyrirkomulag má einnig sjá hjá nágrannaþjóðum á meistaramótum.

Breytingartillaga – Reglur um innlend mót KAÍ: Dráttur á mótum

4) Viðbót við reglur um innlend mót – ný grein um drátt

Gildandi ákvæði (samantekt):

Reglur um innlend mót fjalla m.a. um tilkynningar, skráningu, starfsfólk, keppnisrétt og kærur, en ekki um meginreglur dráttar. Í reglum um Íslandsmeistaramót er þó heimild mótanefndar til þess að draga aftur ef tveir eða fleiri keppendur forfallast í sama keppnisflokki sem í voru 8 eða færri keppendur í upphafi móts.

Breytingartillaga:

Lagt er til að bæta við grein sem fjallar um drátt sem og að rýmka heimildir mótanefndar til þess að draga að nýju til þess að reyna að komast hjá því að liðsfélagar mætist fyrr en það reynist óhjákvæmilegt.

Tillaga að nýju orðalagi (ný grein – t.d. 15. gr.):

a) Við drátt í útsláttarkeppnum skal þess gætt, eftir því sem unnt er, að keppendur frá sama félagi/deild mætist ekki fyrr en óhjákvæmilegt er með hliðsjón af mögulegum úrslitum.

b) Ef forföll, afskráningar eða breytingar eftir upphaflegan drátt leiða til þess að liðsfélagar mætist í fyrstu umferð (eða óþarflega snemma), þrátt fyrir að hægt sé að komast hjá því án þess að raska jafnræði eða framkvæmd móts, skal draga upp á nýtt í viðkomandi flokki.

c) Mótanefnd/mótsstjórn metur hverju sinni hvort skilyrði a) og b) geti gilt, m.a. með hliðsjón af fjölda keppenda, mótafyrirkomulagi og tímasetningum.

Stuttur rökstuðningur:

Þátttakendur eru almennt fáir í hverjum flokki fyrir sig sem og tiltölulega fáir iðkendur eru í karate á landsvísu. Keppendur fá meira út úr því að keppa við iðkendur annarra félaga sem og að það eykur jafnræði á milli félaga/deilda á heildina litið.